



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við afhendingu Grímunnar
Íslensku leiklistaverðlaunanna
Þjóðleikhúsinu
16. júní 2003**

Ágætu hátíðargestir
Góðir landsmenn

Hamraborgin, skreytt stuðlabergi, að innan álfahöll, heimur ævintýra – slíkir eru töfrar Þjóðleikhússins, endurómur af draumum fólksins um undraveröld. Gamla Iðnó og Akureyri, samkomuhúsin fyrir austan og vestan voru vettvangur sýninga sem fylgdu baráttunni um sjálfstæði landsins; Hið konunglega í Kaupmannahöfn sú heimslist sem menn þá þekktu besta.

Úr þessum jarðvegi hefur sprottið sá gróður sem við fögnum í kvöld, sú fjölbreytta flóra sem orðin er árlegt svipmót á íslenskri leiklist; atvinnuleikhúsin þrjátíu talsins, leikritin nærri hundrað og listafólkið sem við sögu kemur á hverju ári að nálgast þúsund.

Hvílík bylting frá þeim tíma þegar Haraldur Björnsson, Lárus Pálsson, Anna Borg og Indriði Waage vörðuðu veginn; að ógleymdum frumherjunum þegar Ísland var enn háð dönsku valdi.

Íslenskt leikhús hefur verið merkisberi, borið vitni um hvað þjóðin vill og getur, hvernig hún efast og skorar á hólmi; spegill sem sýnir okkur miskunnarlausan veruleika; en líka salur háðs og kímni, fyndninnar á eigin kostnað.

Íslenskt leikhús er sjálfsmynd okkar, vitnisburður um söguskilning og réttlætingu, sýn á samtíð, skuggahliðar og togstreituna. Sjálfstætt fólk og Galdra Loftur, Gullna hliðið og Skugga Sveinn – það var Ísland gamla tímans. Rauða spjaldið, Rakstur, Herjólfur er hættur að elska, And Björk of Course og fleiri ný verk frá liðnum vetri og þessu vori ávísun á framtíðina.

Nýsköpun í leikhúsinu færir okkur sífellt ferskar myndir, vekur spurn um venjur og gildi, hvetur okkur til að sækja fram. Og hún tekst líka á við það besta í heimsbókmenntunum, svarar kalli um að endurskoða eldri texta, gera þá nýja með óvæntri túlkun.

Á leikárinu sem við heiðrum nú birtust okkur Hamlet, Rómeó og Júlía, Púntila bóndi og sölumaður frá New York – Shakespeare, Brecht og Arthur Miller allir í íslenskum búningi en samt svo nýir; í höndum listafólksins efniviður í sköpunarverk sem hvílir á langri hefð en spyr líka um framtíðina.

Leikhúsin eru í senn íslensk og tengibrú okkar við heimslitina, regnbogi lagður til annarra átta; mælistikan smíðuð úr því besta sem aðrir hafa gert og dómurinn um árangurinn því ávallt alþjóðlegur.

Verkaskráin sem liggur til grundvallar hér í kvöld sýnir í reynd mikla grósku og frumkraft sem að baki býr. En leyfist mér að bera fram þá hvatningu og heillaósk að íslenskt leikhús verði á næstu árum enn djarfara í meðferð sinni á samtímanum, skoði samfélagið og máttarstólpa af áþekku miskunnarleysi og Ibsen gerði á sínum tíma og bresk leikskáld nú á dögum, að leikhúsið ögri okkur enn frekar til að horfast í augu við okkur sjálf, án hiks eða ótta, verði sú skuggsjá sem engum hlífir.

Aðeins þannig getur leikhúsið snert kvikuna í þjóðarsál, orðið list sem þorir, þorir að hrópa þegar aðrir þegja, þorir að dæma þegar aðrir skorast undan, þorir að standa ein þegar aðrir flýja.

En vissulega einnig leikhús sem gleður, kætir og skemmtir, leikhús sem breytir skammdeginu í bjartar stundir. Og þær eru margar sem við þökkum í kvöld og heiðrum um leið þá sem vel hafa unnið.

Það var tímabært að stofna á ný til verðlauna í leiklistinni og vonandi verður Gríman eftirsótt keppikefli, stolt leikhúsfólksins og okkar allra, vitnisburður um heiður og þakkarskuld.

En Gríman er líka hið rétta tákni því hún ber ávallt með sér spurninguna um hvað býr að baki, hvað gerist sé hún tekin ofan, hvað breyttist líkt og við spyrjum þegar tjaldið fellur.

Ég óska íslensku leikhúsfólki til hamingju með hátíðina hér í kvöld og vona að Íslensku leiklistarverðlaunin öðlist sæmdarsess í menningarlífi okkar Íslendinga.

Gleðilega hátíð